



## Rannsóknarniðurstöður í Forsíðu starfsmanns Saga 2018.1.5


Nú er hægt að sjá rannsóknarniðurstöður frá Rannsóknarstofunni í Glæsibæ í Forsíðu starfsmanns og í Aukaglugga í Sögu.

Til þess að virkja þetta þarf að hafa samband við Origo Heilbrigðislausnir og óska eftir því að kveikt sé á þessari Heklu þjónustu og svo þarf að virkja **stilligildi 12** til þess að rannsóknartáknid birtist í Forsíðu starfsmanns (starfsmannastiku) og í Aukaglugga.

### Forsíða starfsmanns:

Þegar mús er rennt yfir rannsóknarráknid  <sup>3</sup> í starfsmannastikunni þá birtist forskoðunargluggi á þeim rannsóknarniðurstöðum sem bíða starfsmanns.




Til þess að skoða óstaðfestar og staðfestar rannsóknarniðurstöður smellir starfsmaður á rannsóknartáknid  <sup>3</sup> og þá opnast Rannsóknir í Forsíðu starfsmanns. Í þessum glugga eru tveir flipar, annars vegar Óstaðfestar rannsóknarniðurstöður og hins vegar Staðfestar rannsóknarniðurstöður.

Hægt er að haka við „Skipta sjálfkrafa um sjúkling“. Þegar hakað er við „Skipta sjálfkrafa um sjúkling“ þá verður sjúklingur sjálfkrafa að kerfissjúklingi þegar smellt er á færslu í töflunni. Ef ekki er hakað í „Skipta sjálfkrafa um sjúkling“ þá hleðst kerfissjúklingur ekki sjálfkrafa upp. Þá er hægt að hægrismella á færslu í töflunni og velja „Setja sem valinn einstakling“ eða nota flýtilyklana Ctrl+W á lyklaborðinu til þess að gera valinn sjúkling að kerfissjúklingi. Hægt er að leita í töflunum eins og annars staðar í Sögu.

## Óstaðfest

Í töflunni er birt hvenær niðurstöður voru skráðar, kennitala og nafn sjúklings, hvenær sýni var tekið, staða niðurstöðu og frá hvaða rannsóknarstofu niðurstaða kemur. Eins og staðan er í dag þá eru bara niðurstöður að birtast frá rannsóknarstofunni í Glæsibæ.



Niðurstöður skráðar	Kennitala	Sjúklingur	Sýni tekið	Staða niðurstöðu	Rannsóknarstofa
03.04.2018 17:05	[REDACTED]	[REDACTED]	22.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 17:00	[REDACTED]	[REDACTED]	21.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	02.04.2018 16:34	Hlutaniðurstöður	Saga Dev

Í töflunni eru tákn sem gefa notanda strax til kynna hvort að viðmiðunargildi séu innan marka eða utan marka. Táknin eru sýnd hér fyrir neðan.

- - Innan marka (eðlileg gildi)
- - Utan marka
- - Utan marka

Þegar smellt er á línu í töflunni þá birtast upplýsingar um valda færslu í glugganum fyrir neðan. Hægt að „Prenta“ niðurstöður, „Senda skilaboð“ á einstakling og „Senda niðurstöður“ til einstaklings. Munurinn á því að senda skilaboð til einstaklings og senda niðurstöður til einstaklings er sá að þegar smellt er á „Senda niðurstöður“ þá birtast niðurstöður rannsóknar í skilaboðunum sem fara til einstaklings.

Ný skilaboð til einstaklings (Jóna Jónsdóttir - kt. 0101705599)

Efni

Skilaboð

Rannsóknarniðurstöður:  
Hemóglóbín 11 (g/L) - Viðmið: 13-17  
Hematókrít 41 (%) - Viðmið: 40-52  
Rauð blóðkorn 101 (x10E12/L) - Viðmið: 100-200  
MCV 88 (fL) - Viðmið: 80-100  
MCH 0.41 (pg) - Viðmið: 0.4-0.5  
MCHC 312 (g/L) - Viðmið: 300-350  
RDW 11.6 (%) - Viðmið: 11.5-14.5  
Hvít blóðkorn 4 (x10E9/L) - Viðmið: 4-10  
Blóðflögur 152 (x10E9/L) - Viðmið: 140-400

Þegar smellt er á „Senda skilaboð“ þá getur notandinn skrifað sjálfur skilaboð til einstaklings og einnig notað flýtitextavirknina.

Ný skilaboð til einstaklings (Jóna Jónsdóttir - kt. 0101705599)

Efni

Skilaboð

Smelltu til að skrifa skilaboð til einstaklings  
Ctrl + Shift + T til að velja flýtitexta

Bæði skilaboðin sem hægt er að senda í þessum glugga eru skilaboð til einstaklinga sem nota vefinn heilsuvera.is. Skilyrði fyrir því að hægt sé að senda skilaboð til einstaklings úr Sögu er að farsímanúmer sjúklings sé skráð í Persónuupplýsingar.

Ef staða á niðurstöðum er „Hlutaniðurstöður“ þá er ekki hægt að „Staðfesta“ niðurstöðurnar og þá er „Staðfesta“ hnappurinn grár. Í dæminu hér fyrir neðan er um að ræða óstaðfestar hlutaniðurstöður og er appelsínugul bóla í töflunni lengst til vinstri sem gefur til kynna að viðmiðunarmörk eru utan marka. Einnig sést að ein tala er appelsínugul í niðurstöðunum (MCV (fL) 50) og sést hvaða rannsókn það var sem var utan viðmiðunarmarka.

Óstaðfest Staðfest

Skipta sjálfkrafa um sjúkling

Niðurstöður skráðar	Kennitala	Sjúklingur	Sýni tekið	Staða niðurstöðu	Rannsóknarstofa
03.04.2018 17:05	[REDACTED]	[REDACTED]	22.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 17:00	[REDACTED]	[REDACTED]	21.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	02.04.2018 16:34	Hlutaniðurstöður	Saga Dev

**03.04.2018 16:45 Jóna Jónsdóttir 0101705599**

**Niðurstöður**

Blóðhagur

Stærð	Gildi	Mark
Hemóglóbín (g/L)	15	(13-17)
Hematókrít (%)	44	(40-52)
Rauð blóðkorn (x10E...	50	(100-200)
MCV (fL)	50	(80-100)
MCH (pg)	0.45	(0.4-0.5)
MCHC (g/L)	322	(300-350)
RDW (%)	12	(11.5-14.5)
Hvít blóðkorn (x10E9...	4	(4-10)
Blóðflögur (x10E9/L)	188	(140-400)

**Upplýsingar um beiðni**

Beiðni send 03.04.2018 16:34

Læknir [REDACTED]

**Upplýsingar um rannsókn**

Sýni tekið 02.04.2018 16:34

Rannsóknarstofa Saga Dev

Staða niðurstöðu Hlutaniðurstöður

Niðurstöður skráðar 03.04.2018 16:45

⚠ Óstaðfestar niðurstöður

Prenta
Senda skilaboð
Senda niðurstöður

Staðfesta

Niðurstöðurnar er hægt að prenta og þegar smellt er á prenta hnappinn þá birtist forskoðunargluggi prentunar.

Forskoðun prentunar

Jóna Jónsdóttir  
0101705599

Dagsetning prentunar: 05.04.2018 13:42  
Prentað af: [REDACTED]  
Heilbrigðisstofnun Gullu

### RANNSÓKNARNIÐURSTÖÐUR

Sýni tekið: 02.04.2018 16:34

Rannsóknargildi	Niðurstaða	Viðmið
<input type="checkbox"/> Blóðhagur		
Hemóglóbín (g/L)	15	13-17
Hematókrít (%)	44	40-52
Rauð blóðkorn (x10E12/L)	50	100-200
MCV (fL)	50	80-100
MCH (pg)	0.45	0.4-0.5
MCHC (g/L)	322	300-350
RDW (%)	12	11.5-14.5
Hvít blóðkorn (x10E9/L)	4	4-10
Blóðflögur (x10E9/L)	188	140-400

**Upplýsingar um beiðni**

Beiðni send 03.04.2018 16:34  
Læknir [REDACTED]

**Upplýsingar um rannsókn**

Rannsóknarstofa Saga Dev  
Staða niðurstöðu Hlutaniðurstöður  
Niðurstöður skráðar 03.04.2018 16:45

Síða: 1 / 1 100%

Í glugganum „Staðfest“ er tafla sem birtir allar niðurstöður sem starfsmaður hefur staðfest. Taflan sýnir dagsetningu skráðra niðurstaðna, kennitölu og nafn sjúklings, hvenær sýni var tekið, staða niðurstöðu og frá hvaða rannsóknarstofu niðurstöður koma. Hér er hægt að haka við að skipta sjálfkrafa um sjúkling eins og lýst er hér fyrir ofan. Ef það sést rauð bóla, eins og er í dæminu hér fyrir neðan þá er það merki um að gildið er utan viðmiðunarmarka. Gildið í töflunni er litað rautt og sést að þetta eru lokaniðurstöður.

Í glugganum sem birtist fyrir neðan þegar notandi hefur valið færslu í töflunni sjást hnapparnir „Prenta“, „Senda skilaboð“ og „Senda niðurstöður“ og er virkni þessara hnappa lýst hér fyrir ofan.

Óstaðfest
Staðfest

Skipta sjálfkrafa um sjúkling

Niðurstöður skráðar	Kennitala	Sjúklingur	Sýni tekið	Staða niðurstöðu	Rannsóknarstofa
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	03.08.2017 16:32	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	13.11.2017 12:22	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	28.03.2018 11:30	Lokaniðurstöður	Saga Dev

**03.04.2018 16:45 Jóna Jónsdóttir 0101705599**

**Niðurstöður**

Biðhagur

Hemóglóbín (g/L)	11	(13-17)
Hematókrít (%)	41	(40-52)
Rauð blóðkorn (x10E...	101	(100-200)
MCV (fL)	88	(80-100)
MCH (pg)	0.41	(0.4-0.5)
MCHC (g/L)	312	(300-350)
RDW (%)	11.6	(11.5-14.5)
Hvít blóðkorn (x10E9...	4	(4-10)
Blóðflögur (x10E9/L)	152	(140-400)

**Upplýsingar um beiðni**

Beiðni send 13.11.2017 10:11

Læknir [Redacted]

**Upplýsingar um rannsókn**

Sýni tekið 13.11.2017 12:22

Rannsóknarstofa Saga Dev

Staða niðurstöðu Lokaniðurstöður

Niðurstöður skráðar 03.04.2018 16:45

Staðfestar niðurstöður

Prenta
Senda skilaboð
Senda niðurstöður

Afturkalla staðfestingu

Hnappurinn „Afturkalla staðfestingu“ virkar þannig að ef starfsmaður velur færslu í töflunni og smellir á hnappinn þá yfirstrikast línan í töflunni „Staðfest“. Þannig getur starfsmaður afturkallað nokkrar staðfestar niðurstöður í einu. Þegar svo starfsmaður smellir á flipann „Óstaðfest“ þá flytjast þessar niðurstöður sem hann var að afturkalla yfir í flipann „Óstaðfest“.

Óstaðfest
Staðfest

Skipta sjálfkrafa um sjúkling

Niðurstöður skráðar	Kennitala	Sjúklingur	Sýni tekið	Staða niðurstöðu	Rannsóknarstofa
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	03.08.2017 16:32	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	13.11.2017 12:22	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	28.03.2018 11:30	Lokaniðurstöður	Saga Dev

Hér sést að niðurstaða Jónu Jóns hefur flust yfir í „Óstaðfest“.

Niðurstöður skráðar	Kennitala	Sjúklingur	Sýni tekið	Staða niðurstöðu	Rannsóknarstofa
03.04.2018 17:05			22.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 17:00			21.03.2018 10:45	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	13.11.2017 12:22	Lokaniðurstöður	Saga Dev
03.04.2018 16:45	010170-5599	Jóna Jónsdóttir	02.04.2018 16:34	Hlutaniðurstöður	Saga Dev

## Aukagluggi í Sögu:

Rannsóknarniðurstöður frá Rannsóknarstofunni í Glæsibæ birtast þegar smelt er á Rannsóknir í Aukaglugganum. Yfirlit yfir nýjustu rannsóknarniðurstöður einstaklings birtast. Í yfirlitstöflunni sést strax ef niðurstöður eru yfir/undir viðmiðunargildum og eru þær táknaðar með appelsínugulu og/eða rauðu lettri í töflunni og merkir það að gildin eru utan viðmiðunarmarka. Letrið í töflunni er skáletrað á óstaðfestum niðurstöðum.

	02.04.2018 16:34	28.03.2018 11:30	15.02.2018 08:07	13.11.2017 12:22	03.08.2017 16:32
Blóðhagur					
Hemóglóbín (g/L)	15	16		11	15
Hematókrít (%)	44	47		41	44
Rauð blóðkorn (x10E12/L)	50	150		101	50
MCV (fL)	50	90		88	88
MCH (pg)	0.45	0.47	0.68	0.41	0.46
MCHC (g/L)	322	344	350	312	340
RDW (%)	12	13		11.6	11.7
Hvít blóðkorn (x10E9/L)	4			4	4
Blóðflögur (x10E9/L)	188	244		152	188
Blóðmeinafræði					
Microcytosis (Lýsing)			27		
Echinocyte (Lýsing)			436		

Þegar mús er sett yfir appelsínugult eða rautt letur í töflunni þá birtast viðmiðunargildi og alvarleikastig. Einnig sést ef niðurstöður eru óstaðfestar.

Rauð blóðkorn (x10E12/L)	50	150		101
MCV (fL)	50	90		88
MCH (pg)	0.45	0.47	0.68	0.41
MCHC (g/L)	322	344	350	312

Viðmið: 80-100 - alvarleikastig 5 (Óstaðfest)

Efst í töflunni sést gulur þríhyrningur með upphrópunarmerki þegar niðurstöður eru óstaðfestar. Ef mús er sett yfir dálkarheiti þá birtast nánari upplýsingar um beiðni og rannsókn.





	02.04.2018 16:34	28.03.2018 11:30	15.02.2018 08:07	13.11.2017 12:22	03.08.2017 16:32
Blóðhagur					
Hemóglóbín				11	15
Hematókn				41	44
Rauð blóð				101	50
MCV (fL)				88	88
MCH (pg)				0.68	0.41
MCHC (g/dl)				350	312
RDW (%)				11.6	11.7
Hvít blóðk				4	4
Blóðflögur				152	188
Blóðmeinafræ					
Microcyto				27	
Echinocyte				436	

**Upplýsingar um beiðni**

Beiðni send 3.4.2018 16:34:23

Læknir

**Upplýsingar um rannsókn**

Sýni tekið 2.4.2018 16:34:23

Rannsóknarstofa Saga Dev


Niðurstöður skráðar 3.4.2018 16:45:07

Staða Hlutaniðurstöður

Fastandi Nei

**Óstaðfestar niðurstöður**

Hægt er að prenta út síðustu fimm rannsóknarniðurstöður með því að smella á prentarátákninu sem er staðsett uppi í horninu hægra megin.



Þegar smelt er á Prenta hnappinn þá birtist forskoðunargluggi prentunar.

Forskoðun prentunar

Jóna Jónsdóttir  
0101705599

Dagsetning prentunar: 05.04.2018 14:51  
 Prentað af: [REDACTED]  
 Heilbrigðisstofnun Gullu

### RANNSÓKNARNIÐURSTÖÐUR

	02.04.2018 16:34	28.03.2018 11:30	13.11.2017 12:22	03.08.2017 16:32	Viðmið
<b>Blóðhagur</b>					
Hemóglóbín (g/L)	15	16	11	15	13-17
Hematókrít (%)	44	47	41	44	40-52
Rauð blóðkorn (x10E12/L)	50	150	101	50	100-200
MCV (fl)	50	90	88	88	80-100
MCH (pg)	0.45	0.47	0.41	0.46	0.4-0.5
MCHC (g/L)	322	344	312	340	300-350
RDW (%)	12	13	11.6	11.7	11.5-14.5
Hvít blóðkorn (x10E9/L)	4		4	4	4-10
Blóðflögur (x10E9/L)	188	244	152	188	140-400

Síða: 1 / 1 100%

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir